



Alþingi
Erindi nr. P /38/2226

DÓMSTÓLARÁÐ komudagur /2. 5. 2010

Nefndasvið Alþingis,
félags- og tryggingamálanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010

Dómstólaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, þskj. 950, og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignakrafna á íbúðarhúsnæði, þskj. nr. 951. 561

Dómstólaráð tekur fram að beiðni um umsögn barst 3. maí síðastliðinn og hefur því ekki gefist viðhlítandi svigrúm til að fara yfir efni frumvarpanna eins og ástæða hefði verið til. Verður að skoða umsögnina í ljósi þess og er áskilinn réttur til að koma að frekari athugasemdum, skriflega eða munnlega, fyrir félags- og tryggingamálanefnd. Þá verður að segjast eins og er að það er ekki í samræmi við vandaðan undirbúning lagasetningar hversu brátt þetta frumvarp ber að og að ekki hafi, að því er séð verður, verið leitað samráðs við sérfræðinga á þessu réttarsviði. Vekur því undrun að ekki hafi verið leitað til réttarfarsnefndar við samningu frumvarpanna.

Um einstakar greinar frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að öll málsmeðferð fyrir héraðsdómi taki einn mánuð frá því krafa skuldara berst dóminum þar til úrskurður er kveðinn upp. Sá tímafrestur er alltof skammur og því óraunhæfur. Fjöldi greiðsluaðlögunarmála hefur verið miklu meiri en gert var ráð fyrir. Ekki er vitað hve mikill fjöldi slíkra mála muni berast héraðsdómi verði frumvarpið að lögum. Gert er ráð fyrir því að öll mál varðandi þvingaða greiðsluaðlögun verði afgreidd í Héraðsdómi Reykjavíkur. Sá dómstóll er nú þegar í miklum önnum sem munu aukast verulega á nk. árum. Tveir aðstoðarmenn hafa verið uppteknir í þessum málum og þá hafa tveir dómara sinnt þeim að hluta, en þeir fara jafnframt með munnlega flutt einkamál. Hefur dómstóllinn engan veginn haft undan að afgreiða þau mál sem honum hafa borist og bíða nú vel á annað hundrað mál afgreiðslu. Blasir því við að verði frumvarpið að lögum ber brýna nauðsyn til að fjölga starfsmönnum sem sinna þessum málum. Að öðrum kosti mun málsmeðferð dragast verulega.

Um 21. gr.

Því er eindregið mótmælt að héraðsdómi verði gert að tilkynna öllum kröfuhöfum skuldara um ósk hans um þvingaða greiðsluaðlögun, enda er með öllu fráleitt að slíkar byrðar verði lagðar á dómstólinn. Þá skortir með öllu málsmeðferðarreglur fyrir dómi vegna mótmæla sem kröfuhafar kunna að gera við það að þvinguð greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldara.



DÓMSTÓLARÁÐ

Um 22. gr.

Það er álit dómstólaráðs að þau efnisatriði sem dómstóll á að leggja mat á þegar tekin er afstaða til þess hvort þvinguð greiðsluaðlögun verði staðfest séu allsendis ófullnægjandi. Þau atriði, sem um ræðir í þessu ákvæði, eru alltof matskennd og óljós, en viðhlítandi leiðbeiningar að þessu leyti er ekki að finna í greinargerð með frumvarpinu. Þá algjörlega óljóst á hvern hátt skal kynna úrskurð héraðsdóms fyrir skuldara og kröfuhöfum.

Um 23. gr.

Á það skal bent að í þeim tilvikum þegar bú einstaklings hefur verið tekið til gjaldþrotskipta og umsjónarmaður heimilar að ljúka þeim með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar ríkir ákveðin óvissa um hver skuli kanna hvort hinum almennu skilyrðum nauðasamnings til greiðsluaðlögunar hafi verið fullnægt. Ekki er mælt fyrir um það í frumvarpinu hvort það eigi að vera í verkahring umsjónarmanns (skiptastjóra) eða hvort héraðsdómari skuli kanna hin almennu skilyrði og hvort þeim hafi í öndverðu verið fullnægt. Verði frumvarpið að lögum gæti því ríkt réttaróvissa og ójafnræði jafnframt skapast milli skuldara eftir því hvort þeim er veitt heimild til greiðsluaðlögunar hjá Umboðsmanni skuldara eða þeir óski nauðasamnings í gjaldþrotaskiptum. Jafnframt skal á það bent að samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að héraðsdómari kanni hin almennu skilyrði verði gjaldþrotaskiptum lokið með nauðasamningi.

* Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Um 5. gr.

Vísað er til athugasemda að framan í umsögn um 21. gr. frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga varðandi málsmeðferð fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu er lagst gegn því að frumvörpin verði óbreytt að lögum. Jafnframt er eindregið lagt til að réttarfarsnefnd fái frumvörpin til meðferðar í því skyni að gerðar verði á þeim nauðsynlegar breytingar.

Að lokum skal áréttað að dómstólaráð áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við frumvarpið.

Fyrir hönd dómstólaráðs,

Helgi I. Jónsson,
starfandi formaður